

um frá 19. okt. 1916 til greiðsludags, en að öðru leyti eiga málsaðilar að vera sýknir hvor af annars kröfum.

Málskostnaður í aðalsök og gagnsök fyrir báðum réttum falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja áður 8 vikur séu liðnar frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 1. júlí 1918.

Nr. 14/1918.

St. Stephensen
 gegn
 hreppsnefnd Glæsibæjar-
 hrepps.

D ó m u r :

Mál þetta er risið út af aukaútsvari, er stefnda, hreppsnefndin í Glæsibæjarhreppi, lagði á áfrýjanda, St. Stephensen, árin 1914 og 1915 fyrir afnot jarðarinnar Bændagerðis í nefndum hreppi; krafðist hreppsnefndin þess, að aukaútsvarið væri tekið lögtaki hjá áfrýjanda með því að hann greiddi það eigi góðviljuglega. Um þessa kröfu, sem mótmælt var af áfrýjanda, kvað fógetaréttur Eyjafjarðarsýslu hinn 13. september f. á. upp svofeldan úrskurð, að hin umbeðna lögtaksgjörð skuli njóta framgangs. Þess-

um úrskurði hefir St. Stephensen skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 4. marz mánaðar þ. á., og eru það kröfur hans hér fyrir réttinum, að úrskurðurinn og lögtaksgjörðin verði úr gildi feld, og að honum verði tildæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi. Hin stefnda hreppsnefnd hefir fengið gjafvörn í málinu og skipaðan málflutningsmann, og hefir hann krafist þess fyrir hönd nefndarinnar, að úrskurðurinn og lögtaksgjörðin verði staðfest og að hreppsnefndinni verði dæmdur hæfilegur málskostnaður eins og málið eigi væri gjafvarnarmál.

Eins og tekið hefir verið fram var hinn áfrýjaði lögtaksúrskurður kveðinn upp 13. septbr. f. á. og var úrskurðinum samstundis fullnægt á þá leið, að umboðsmaður rekvisiti þá þegar galt í fógetaréttinum upphæðirnar, sem lögtak var gjört fyrir ásamt kostnaðinum við gerðina, en með fyrirvara, ef úrskurðinum yrði áfrýjað og honum breytt. Lögtaksgjörðinni er þó eigi áfrýjað fyr en með stefnu 4. marz þ. á., en þá var áfrýjunarfresturinn löngu liðinn, sjá lög nr. 29, 16. desbr. 1885, 11. gr. Með því að eigi hefir verið fengin uppreisn til áfrýjunarinnar, verður ex officio að vísa málinu frá yfirdóminum. Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi og ákveðst hann 30 kr. Hinum skipaða málflutningsmanni stefnda verður eigi dæmt málflutningskaup, með því að hann hefir eigi krafist þess, en það vottast að málsvörnin hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu visast frá yfirdómi. Áfrýjandi, St. Stephensen, greiði stefndu, hreppsnefnd Glæsi-bæjarhrepps, málskostnað fyrir yfirdómi 30 kr. og lúkist upphæðin áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 15. júlí 1918.

Nr. 1/1918

Margrét Árnason
gegn

Kaupfélaginu »Ingólfi«,
HelgaJónssyni framkvæmd-
arstjóra og skiftaráðandan-
um í Árnassýslu, Boga
Brynjólfssyni settum sýslu-
manni, fyrir hönd dánar-
bús Ólafs Árnasonar.

D ó m u r :

Við skifti á dánarbúi Ólafs Árnasonar framkvæmdarstjóra frá Stokkseyri, sem dó 2. júní 1915, hélt áfrýjandi þessa máls, Margrét Árnason, ekkja Ólafs Árnasonar, en skilin við hann að borði og sæng samkvæmt leyfisbréfi, dags. 18. júní 1909, því fram, að hún yrði talin eigandi að öllu því af búinu að sínum hluta eignanna, er óskift hefði verið og